

AUGLÝSING

21

31. marz

um frestun á framkvæmd 2. gr. reglugerðar 14. maí 1937 um gerð og möskva-
stærð dragnóta, sem heimilt er að nota í landhelgi.

Ákvæði 2. gr. reglugerðarinnar um möskvastærð dragnóta skulu ekki koma í gildi fyrr en 1. janúar 1939.

Jafnframt eru veiðarfæraverzlanir og aðrir hlutaðeigendur aðvaraðir um að flytja ekki til landsins dragnætur með minni möskva en um ræðir í téðri reglu-
gerðargrein.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. marz 1938.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

22

6. apríl

um útbúnað á síldveiðiskípum.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 93 3. maí 1935, eru hér með sett eftirandi ákvæði.

Skip sem stunda síldveiðar með herpinót skulu hafa eftirgreindan útbúnað:

Farmrúmið skal hólfað með skiljum milli traustra stoða, vel festum ofan og neðan. Á milli stoðanna skal vera sem næst einn meter á lengdina og ekki yfir 2 m. á breiddina. Skiljuborð skulu vera úr 3—5 cm. þykkum borðum, eftir stærð skipsins og bilsins milli stoðanna, borðin skulu falla vel í djúpar raufir í stoðunum. Skiljur farmrúmsins framan og aftan skulu vera fulltraustar.

Farmrúmsop (lúkur). Á öllum nýjum skipum skulu lúkukarmar smíðaðir samkvæmt 32. gr. reglugerðar um smíði tréskipa. Sé lúkukörmum á öðrum skipum breytt, skal það gert samkvæmt ákvæðum áður nefndrar greinar.

Gæta skal þess, að lúkuhlerar séu hæfilega þykkir (sem næst þilfarsþyktinni), og falla vel og ávalt skal rigbyrgja farmrúmsop, áður en farmur er látinn á þilfarið.

Ruðningsop. Op, með hlerum fyrir á hjörum, skulu vera tvö á hvorri hlið og þannig frá þeim gengið, að fljótlega verði hægt að opna þau, svo að farmur á þilfari geti runnið út. Opin skulu vera á þeim stöðum, að sem fljótvirkast sé að létta skipið. Ennfremur skulu vera venjuleg austurop, framan við fremstu og aftan við öftustu síldarstíu. Ennfremur skal vera frárás frá þeim rúmum á þilfari, sem síld er látin í.

Bjarglínur og handrið. Á öllum skipum, sem eru með farm á þilfari, sem aftrar greiðri umferð um skipið, svo og á öllum mótorbátum þegar þeir eru á ferð, hvort heldur þeir hafa farm á þilfari eða ekki, skulu vera bjarglínur, strengdar meðfram hliðum skipsins fyrir aftan öldustokk. Bjarglínur þessar skulu ná frá reiða á fram-siglu og eins langt aftur og þilfarsfarmurinn er, en á mótorbátum hæfilega langt aftur fyrir reiða á aftursiglu, þar sem siglur eru tvær, ella aftur að skúta.

Ennfremur skulu vera handrið á stýrishúsi og vélarúmi þar sem því verður við komið.

Tveir bátar eða fleiri um nótt. Þar sem fleiri bátar en einn eru saman um nótt, skulu þeir hver um sig hafa með sér bát þegar þeir fara til lands með afla.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. apríl 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.